

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13:00 var haldinn 301. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir og Valgarður Lyngdal Jónsson. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir var fjarverandi.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar lagt fram og kynnti minnisblað starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, og svohljóðandi tillögu um ákvörðun launa forstjóra. Tillögunni fylgir greinargerð:

1. að laun forstjóra hækki úr kr. 2.502.343 í kr. 2.872.669 þann 1. mars 2021 að undangengnu frammistöðumati.

2. að forstjóri hljóti eingreiðslu kr. 3.000.000 þann 1. mars. 2021 vegna þess að launakjör hans hafa ekki verið uppfærð í 2 ár.

Samkvæmt viðauka við núgildandi ráðningarsamning teljast afnot af bifreið sem forstjóri fékk til umráða til launa og gildir þá engu hvort slík hlunnindi eru tekin út í formi greiðslu eða sem afnot af bifreið. Mælt er með því að það fyrirkomulag verði óbreytt.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:34.

Aukafundur vegna ársreiknings verður haldinn þann 5. mars 2021.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. mars 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Undirritunarsíða

Sigríður Rut Júlíusdóttir

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Eyþór Laxdal Arnalds

Hildur Björnsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir